

**Nd.**

**79. Frumvarp til laga**

**[62. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Lækjabæ í Fremri-Torfustaðahreppi.

Flm.: Einar Ingimundarson, Gunnar Gíslason, Björn Pálsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eyðijörðina Lækjabæ í Fremri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, Sigurgeiri Jónatanssyni bónda að Skeggjastöðum í Fremri-Torfustaðahreppi fyrir það verð, sem ákveðið er samkvæmt mati dómkvaddra manna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Jörðin Lækjabær í Fremri-Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, sem er ríkiseign, hefur verið í eyði um áratugaskeið. Hús á jörðinni eru engin, og túnið, sem var lítið, er komið í órækt. Engin líkindi eru til þess að álitu kunnugra manna, að býli verði þarna endurreist, enda er hér um heiðarland að ræða. Sigurgeir Jónatansson bóndi að Skeggjastöðum í Fremri-Torfustaðahreppi hefur í nokkur ár haft afnot jarðarinnar og annast umsjón með henni fyrir jarðareiganda. Leikur honum nú hugur á að fá jörðina keypta, og hyggst hann nýta land hennar sem beitarland. Hefur Sigurgeir stórt bú, en hagabeit er takmörkuð á ábýlisjörð hans, Skeggjastöðum.

Meiri hluti hreppsnefndar Fremri-Torfustaðahrepps (2 hreppsnefndarmenn af 3, en Sigurgeir Jónatansson er þriðji hreppsnefndarmaðurinn) hefur lýst samþykki sínu við, að Sigurgeir Jónatansson fái umrædda jörð keypta, og þar með fallið frá forkaupsrétti að jörðinni.

Yfirlýsing meiri hluta hreppsnefndar Fremri-Torfustaðahrepps frá 31. okt. 1961 er prentuð hér með sem fylgiskjal.

**Fylgiskjal.**

Höfum móttækið bréf Sigurgeirs Jónatanssonar, Skeggjastöðum, dags. 30. okt. s. l., þar sem farið er fram á samþykki meiri hluta hreppsnefndar Fremri-Torfustaðahrepps fyrir kaupum ofanritaðs á Lækjabæ, sem hann hefur haft á leigu um nokkurt skeið.

Undirritaðir hreppsnefndarmenn erum samþykkir kaupum á Lækjabæ, svo sem að ofan greinir.

Bjargi, 31. okt. 1961.

Aðalbjörn Benediktsson.      Sigurgeir Karlsson.